



KRINGLAN

hugmyndasamkeppni um framtíðaruppbyggingu Kringlusvæðisins

Inngangur

Staðsetning Kringlunnar í borginni er einstök og til þess fallin að þróa nútímalegt og lífvænlegt borgarumhverfi í samhljómi við hverfin í kring.

Leiðarljós

- Á Kringlusvæði verði fjölbreytt, vandað og vistvænt atvinnu- og búsetuumhverfi með félagslega fjölbreytni, umhverfisvænan lífstíl, lýðheilsu og lífsgæði að leiðarljósi.
- Umhverfissjónarmið verði í hávegum höfð og ný byggð þrjónuð við núverandi byggingar og mannvirki.
- Ný byggð á Kringlusvæði verði öflugt bakland fyrir nýja samgönguhætti, m.a. borgarlínu sem er aflvaki umfangsmikillar umbreytingar svæðisins í þéttari byggð með fjölgun íbúða og aukins atvinnuhúsnæðis.



Afstöðumynd

Meginhugmynd heildarfyrirkomulag og byggðarmynstur

Hugmynd tillögunnar er að byggja nýtt heilsteypt hverfi, Kringlumýri, þar sem margbreytileikinn fær notið sín. Verslunarmiðstöðin Kringlan er styrkt og stækkuð og opnuð í borgarrýmið með nýrri framhlið og verður þannig virkur hluti borgarmannlífsins þar sem nálgast má starfsemina að utan jafnt sem innan.

Ný uppbygging byggir á grunnhugmynd randbyggðar og gatnanets með þéttri byggð í hóflegri hæð, sem mótar vel afmörkuð bæjarrými. Götuhæðir eru almennt virkjaðar með atvinnustarfsemi og samfella í byggingarmassa sem umlykur opin almenningsrými. Mikill sveigjanleiki er í slíku fyrirkomulagi sem rúmar fjölbreytta landnotkun og starfsemi eftir þörfum.

Í Kringlumýri verða fjölbreytilegar byggingar, götur og torg, ný skjólgóð, sólrík bæjarrými samtvinnuð stærri útirýmum við Kringlustéttina og austan Borgarleikhúss. Kringlustéttin er miðpunktur byggðar í nýju hverfi, stórt almenningsrými og vettvangur margvíslegarar notkunar fyrir gesti og íbúa eftir árstíðum. Kringlustéttin er við 2. hæð Kringlunnar og yfir bílgeymslum sem tengjast 1. hæð Kringlunnar og kjallarahæð nýbygginga með fjölmörgum bílastæðum. Lyftur og stigar verða úr bílgeymslum í verslun, þjónustu og íbúðir.

SAMGÖNGUR

- akandi umferð
- - - akandi umferð í bílgeymslu
- ... gangandi / hjólandi umferð
- ... gönguleið innandyra
- skiptistöðvar strætisvagna
- skiptistöð borgarlínu
- kjarnastöð borgarlínu



Umferð akandi, hjólandi og gangandi er gert jafnhátt undir höfði, þó með sérstakri áherslu á gönguvænt umhverfi milli stoppistöðva borgarlínu og strætó, en göngu- og hjólaleiðir milli skiptistöðvanna verða skýrar og samfelldar, þar sem velja má á milli leiða í bæjarrými útivið og innsvæðis Kringlunnar. Umferðarakreinar eru í báðar áttir með hófstilltum aksturshraða og samsíða bílastæðum, m.a. til að tryggja rekstrarforsendur starfsemi á götuhæðum í líflegu og aðalaðandi umhverfi. Íbúðarhúsnæði glæðir fjölskrúðugt mannlíf, skapar öryggi og styrkir bakland fyrir fjölþætta þjónustu.

Umhverfismál

Hugað er að vistspori og úrgangsstjórnun. Skynsamleg nýting núverandi bygginga er sett á oddinn og niðurrif er lágmarkað, en þær byggingar/mannvirki sem víkja eru bílastæðaloft í Kringlu, jarðhæðir við Hús verslunarinnar og Sjóvá og Morgunblaðshúsin. Almenningsrými og byggingar fangi sem mest af yfirborðsvatni og það verði nýtt eftir föngum á svæðinu.

UPPBYGGING

-  núverandi byggð
-  Kringlan stækkun:
-Kringlan 1.- 2.- 3.hæð
-íbúðir / starfsemi
á efri hæðum
-  aðrar nýbyggingar,
íbúðir / starfsemi / þjónusta



Nýbyggingar

Nýbyggingar laga sig að byggingum sem fyrir eru og styrkja götummynd .


Á suðvestur horni svæðisins við borgargöturnar Listabraut og Kringlumýrarbraut færi vel á nýjum Listaháskóla í öndvegi sem myndar samfellu með Borgarleikhúsi í almenningsrýminu og innrammar hornið. Smærri bygging austan Borgarleikhúss, sunnan núverandi bílgeymslu, gæti hýst nýtt danshús sem ýtir undir opnun leikhússtarfseminnar að almenningsrýminu og styrkir göturýmið. Hluti bílgeymslunnar ofanjarðar verður útisvæði, hitt stóra almenningsrýmið auk Kringlustéttar og er beintengt inn í Kringlu.

Við Kringlumýrarbraut og Miklubraut er randbyggð heildstæðra götummynda, að jafnaði fimm til sjö hæðir, en hærri byggingar skjótast upp úr rbyggð á nokkrum stöðum og kallast á við Hús verslunarinnar og önnur núverandi hærri hús á svæðinu. Til að auka gæði garðrýma byggðar við Miklubraut trappast byggðin inn á við til suðurs. Hótel myndi sóma sér vel á krossgötum við gatnamót Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar. Almennt eru íbúðir á efri hæðum húsa og verslun og þjónusta á neðri hæðum, en einnig er reiknað með starfsemi á hluta efri hæða. Góð hljóðvist verður tryggð með byggingartæknilegurm lausnum.

Stækkun Kringlunnar er til norðurs að Miklubraut, auk þess sem byggður er krans bygginga umhverfis hana. Inngangur í Kringluna austanverða er stækkaður og umhverfið við götuna endurmótað og fegrað m.a. til að auka tengsl við íbúðahverfið í næsta nágrenni. Í stað bílastæða og vöruaðkomu einvörðungu verða svæði til útiveru og leikja sem teygja sig suður að nýju útirými við Borgarleikhúsið. Hús verslunarinnar og Sjóvá eru aðlöguð nýrri uppbyggingu í nýju samhengi.

BÍLGEYMSLUR

-  bílgeymsla
-  núverandi byggð
-  aðkoma



Gatnakerfi

Möskvastærð og opnun gatnakerfis í borgarumhverfið auðveldar og eflir aðgengi um Kringlusvæðið sem hverfi í borg. Borgargatan Hamrahlíð er framlengd til austurs um Kringlumýrarbraut í nýja hverfið Kringlumýri, í plani við Kringlustéttina og verður megintenging úr Hlíðahverfi við kjarnastöð borgarlínu, sem fær veglegan sess við miðbik hverfisins. Frá Listabraut er ekið um Kringlugötu vestari og umhverfis Kringlustéttina með mögulegum tengingum að Kringlumýrarbraut og Miklubraut.

Úr suðri, um miðbik Kringlusvæðis verður aðalaðkoma akandi niður að bílgeymslu sem er undir Kringlustéttinni, í plani við núverandi bílgeymslu fyrstu hæðar Kringlunnar. Þaðan er beint aðgengi í 1. hæð Kringlunnar og kjallara Húss verslunarinnar, Sjóvár og nýbygginga umhverfis. Aðkomugatan liggur áfram norður að Miklubraut, en aksturstenging við bílgeymsluna er einnig í norðaustur jaðri að Kringlugötu austur.

Borgarlína og strætó - bílastæði

Kringlumýrin verður beintengd kjarnastöð og skiptistöð borgarlínu og stoppistöðvum strætó. Kjöraðstæður hjólandi og gangandi eru settar á oddinn svo nálgast megi helstu daglega þjónustu án einkabíls. Bílastæði verða einkum í bílgeymslum undir Kringlustéttinni og nýbyggingum, en einnig samsíða götum. Samnýting bílastæða verður vegna ólíkrar notkunar yfir sólarhringinn.

ALMENNINGSRÝMI

■ torg- garðsvæði

● trjágróður




Almenningsrými

Útirýmin eru samtengd og kjörinn viðkomustaður í daglegu lífi borgarbúa, vel tengd inngötu Kringlunnar. Göturýmið markast af byggingum á báða vegu og götutré prýða umhverfið. Nýja stóra almenningsrýmið, Kringlustéttin, er mótað á forsendum bæjarrýmis með fjölbreyttri starfsemi í jaðri bygginga og býður upp á aðstöðu s.s. fyrir útibíó, útileikhús, tónleikahald, útiveitingar, útimarkaði, gosbrunna og skautasvell.

Vægi útirýmisins í suðaustri sem annað stórra almenningsrýma í Kringlumýri er aukið og tekur gagngerum breytingum og í stað bílastæða er mótað fjölnota útisvæði þar sem verður einnig aðkoma leigubíla. Gönguleið milli Borgarleikhúss og gömlu Borgarkringlu verður opnuð.

Fortorg sunnan Borgarleikhússins nær út í steinlagða, upphækkaða Listabraut að skólabyggingum sunnan götunnar, svo umferð og aksturshraði verði á forsendum notenda torgsins.



Snið C

Tölulegar upplýsingar – ný uppbygging

Raunhæf, áfangaskipt uppbygging getur átt sér stað án þess að ganga um of á daglega almenna notkun svæðisins.


Stækkun Kringlu ofanjarðar reiknast frá 1. hæð núverandi Kringlu. Aukning byggingarmagns ofanjarðar að öðru leyti reiknast frá hæð Kringlustéttar, sem er í sömu hæð og 2. hæð núverandi Kringlu.

Stækkun Kringlu (1., 2. og 3. hæð): 30.000 m²


Nýtt atvinnuhúsnæði (þ.m.t. stækkun Kringlu): 100.000 m²

Nýtt íbúðarhúsnæði: 70.000 m²



Samtals aukning byggingarmagns ofanjarðar: 170.000 m²



Snið A



Snið B





Yfirlitsmynd til norðausturs

Lokaorð

Tillaga þessi að endurskipulagi Kringlusvæðis treystir grundvöll borgarsamfélagsins.

Miðsvæði höfuðborgarsvæðisins við borgarlínu verða nú hnýtt saman, m.a. með stórum skiptistöðvum í Kringlu og tengingu við hjarta Reykjavíkur, í gamla miðbænum.

Kringlumýri framtíðarinnar verður líflegt borgarumhverfi og ljósberi nýbreytni á grundvelli leiðarljósa Aðalskipulags Reykjavíkur 2010 – 2030.